

Nr. 052 / 09 Herdís SH 145**Eldur og sekkur**

Skipaskr.nr. 7204
Smíðaður: Hafnarfirði 1989, plast
Stærð: 5,8 brl. 5,8 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 8,32 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,2 m
Vél: Perkins 122 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Herdís©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2009 var Herdís SH 145 á handfæraveiðum um 12 sml. út af Blakksnesi. Veður: SA 6-10 m/s (Bjargtangar kl. 04:00).

Herdís SH hafði látið úr höfn á Tálknafirði um miðnætti og var komin á veiðislóð um kl. 03:00. Bátsverjar voru aftur á bátnum við veiðarnar þegar þeir urðu varir við að svartur reykur og sót kom úr litlu röri sem var á stýrishúsinu. Þegar þeir opnuðu hurðina á því sáu þeir að eldur var laus og stýrishúsið fullt af reyk.

Þeir reyndu að ná flotgöllum og senda út neyðarkall um STK kerfi en tókst hvorugt. Þeim tókst að ná gúmmíbjörgunarbát af stýrishúsinu og sjósetja hann. Þegar þeir komu í hann ræstu þeir neyðarsendi.

Neyðarskeyti barst um Cospas Sarsat kerfið frá 406 MHz sendi bátsins kl. 03:38 með staðsetningu hans en Herdís SH hafði dottið út úr STK kerfinu kl. 03:25.



Ferilskráning Herdísar SH úr STK kerfi

Nærstaddur bátur (7 sml.), Núpur BA, var fenginn til að fara til þeirra og var hann kominn á staðinn kl. 05:21. Voru bátsverjar teknir um borð í hann. Skipverjum á Núpi BA tókst að slökkva eldinn í Herdís SH en þegar festa átti taug í bátinn sökk hann.

Herdís SH sökk um kl. 05:50 á stað, 65°44.802'N og 024°49.955'V. Skipbrotsmennirnir voru fluttir um borð í Birtu BA sem fór með þá til Patreksfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa séð glitta í eld undir og við stýri bátsins í gegnum reykinn en þar var rafmagnstaflan staðsett, annan eld hafi hann ekki séð;
- að báturinn var búinn brunaviðvörðunarkerfi en skipstjórinn sagðist hafa heyrt píp þegar hann opnaði hurðina inn í stýrishúsið. Sagði hann að þeir hefðu ekki heyrt það fyrr en hurðin var opnuð;
- að olíumiðstöð hafði verið gangsett tveimur og hálfum tíma áður en eldurinn kom upp;
- að bátsverjarnir höfðu ekki orðið varir við neitt óeðlilegt áður en eldurinn kom upp.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu þar sem eldsupptök eru óljós.